



Rannsóknarráðstefna Vegagerðarinnar
5. nóvember, 2010

Bifhjól, vegir og umferðaröryggi

Njáll Gunnlaugsson og Bergur Kristinsson frá Bifhjólasmótunum Lyðveldisins Sniglumum og Daníel Árnason, Vegagerðinni.

Sagan og núið:


Undanfarin ár hefur fjöldi bifhjóla í almennri umferð aukist verulega og á eflaust eftir að aukast enn meira á næstu árum, ekki síst vegna hagkvæmnissjónarmiða í kjölfar hækkandi eldsneytisverðs og hinnar alræmdu kreppu og einnig vegna aukinnar notkunar yngra fólks á vespum og léttum bifhjólum.



Frá hópkeyrslu Sniglanna sumardaginn fyrsta.

Bifhjól eyða að jafnaði aðeins broti af eldsneyti fólksbíla pr. km og eiga að vera að ýmsu leyti þægilegri ferðamáti, sérstaklega í yfirfullri bílavæddri borgarumferð. Auk þess þurfa þau mun minna rými undir stæði. Sem viðmiðun mætti leggja fjórum bifhjólum í eitt bílastæði.

Unglingar komast mun fyrr á göturnar á léttum bifhjólum, og vespum, heldur en á bílum. Er því mikilvægt að tryggja öryggi þeirra og meðvitund um hættur umferðarinnar strax í upphafi vegferðar þeirra. Sniglarnir hafa unnið að kynningu, fræðslu og áróðri til þess að efla umferðaröryggi allra bifhjólamanna, hvort heldur er gamlingja eða unganna okkar.



Aukning á bifhjólum í samanburði við aukningu á bifhjólaslysum.

Bifhjól eru vaxandi hluti farartækja á þjóðvegum og götum í þéttbýli. Sprenging hefur orðið í fjölgun bifhjóla síðustu fimm ár og er bifhjólafólk ekki lengur einskorðað við síðhærða tattúeraða töffara heldur er stór hluti hjólafólks þabbar og mömmur, afar og ömmur sem langar að prófa eitthvað nýtt eða að láta gamla drauma rætast sem efni og aðstæður leyfðu kannski ekki fyrir en nú.

Umferðaröryggi

Ökumenn bifhjóla og ökumenn bifreiða eiga sömu hagsmuna að gæta þegar kemur að umferðaröryggi, þ.e. að halda lífi og limum. Þó er rétt að benda á að bifhjólafólk flokkast undir óvarða vegfarendur og eru sjálfsagðir hlutir, eins og skilti og staurar í vegkanti, vegrið, misfellur í slitlagsyfirborði og fleira mun hættulegri hlutir fyrir bifhjólamann en ökumann bíls ef eitthvað fer úrskaiðis. Þá má líka benda á að einfaldar viðhaldsaðgerðir, eins og sópun lausamalar á gatnamótum, aðskotahlutir á götum og sópun eða hreinsun malar af vegyfirborði geta skilið milli lífs og dauða fyrir bifhjólafólk.

Framtíðin

Sé horft til þróunar erlendis er ljóst að skoða verður sjónarmið allra vegfarenda þegar kemur að umferðaröryggi. Auknar kröfur eru nú þegar gerðar til frágangs vegyfirborðs og útfærslu umferðarmannvirkja, s.s. skilta og vegriða. Má í því sambandi nefna að Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar er gerð krafa um að brúnir stoða við vegbrún séu ekki með skarpari brúnum en sem svarar radius 9 mm. Nú er í smíðum staðall, prEN 1317-8 sem tekur á öryggismálum bifhjólafólks hvað varðar vegrið.

Road restraint systems - Part 8: Motorcycle road restraint systems which reduce the impact severity of motorcyclist collisions with safety barriers

Reikna má með því að bifhjólafólk láti að sér kveða í auknum mæli í sambandi við umferðaröryggismál og treysta á að aukið samstarf við sveitarfélög og ríki leiði til fækkunar umferðarslysa, bæði hjá ökumönnum og farþegum bíla og bifhjóla.

Samstarf Vegagerðarinnar og Bifhjólasamtaka Lýðveldisins hefur ekki verið formlegt fram að þessu. Er mikilvægt að samstarfið verði eftt, svo öryggisþáttur mótórhjóla verði tekinn inn í almenna hönnun vega og stuðli þannig að fækkun bifhjólaslysa í almennri umferð. Bifhjólaslys eru fimm sinnum algengari en bílsslys miðað við fjölda ökutækja skv. slysaskráningu Umferðarstofu..

Verkefnið:

Í undirbúningsferli þessa verkefnis, þ.e. í maí 2009, var haldinn sameiginlegur fundur Sniglanna og Vegagerðarinnar um sjónarmið bifhjólamanna varðandi umferðaröryggismál. Sýndar voru myndir af vegakerfinu og þeim augljósu hættum sem blasa við bifhjólamönnum er eru kannski ekki eins augljósar fyrir öikumönnum bíla. Gagnkvæmur skilningur er mikilvægur ef ná á einhverjum árangri.



Mishæð í slitlagi, hættulegt bifhjólafólki

Þá hefur verkefnahópur heimsótt Slysarannsóknarnefnd umferðarslysa og skoðað nokkur dæmigerð bifhjólaslys, aðstæður á slysa stað og hvað hefði mátt betur fara frá umferðaröryggissjónarmiði. Þá stefna Sniglarnir á heimsókn í stærstu starfstöðvar Vegagerðarinnar næsta vor og halda kynningu á umferðaröryggismálum bifhjólafólks. Sniglarnir hafa líka staðið fyrir umferðarátaki fyrir yngstu öikumennina, þ.e. vespufólkið, sem fær að fara út í umferðina á vélknúnum ökutækjum, aðeins 15 ára gömul.

Undirbúningur áróðurs er hafinn fyrir bættu bifhjólamenningu, fræðsla fyrir byrjendur, upprifjun fyrir eldri bifhjólamenn. Útgáfa fræðsluefnis og þátttaka í mótun reglugerða og laga um umferðaröryggismál eru meðal baráttumála Sniglanna. Þá er rétt að geta þess að Norska vegagerðin er mjög virk á þessu sviði og hefur gefið út mikið af efni sem stefnt er á að gefa út með tilliti til íslenskra aðstæðna. Má þar nefna **Håndbok 245, MC-sikkerhet, veiledning**.



Håndbok 245, MC-sikkerhet, veiledning.

Þá er einnig fyrirhugað að gera rannsókn á svokölluðum stólpahlífum á vegriðsstólpa á hættulegum stöðum en ákeyrsla á stólpa og skilti er mjög algengur slysavaldur erlendis og dæmi eru til um slík slys hérlendis líka.



Plasthlíf á vegriðsstólpa

Árangur

Með verkefni þessu er vonast til þess að samstarf bifhjólamanna við veghaldara, hönnuði vega og gatna og þeirra sem nota götur og vegi aukist og bifhjólum verði veitt meiri athygli, bæði í hönnun og rekstri samgöngumannvirkja. Það er ljóst að bifhjólum á eftir að fjölga enn meira og því er mikilvægt að allir leggist á eitt um að stuðla að öruggari umferð, ekki bara bílaumferð, heldur líka umferð annarra vélknúinna ökutækja sem nota vegina.



Fyrirverandi samgönguráðherra í takt við nýja tíma.

Höfundar skýrslu:
Njáll Gunnlaugsson,
Bergur Kristinsson,
Daníel Árnason.